

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 7. maí 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 69

11. maí 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 75 23. apríl 1995, um skipting starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 75 frá 23. apríl 1995, um skipting starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 75 frá 25. apríl 1995, um skipting starfa ráðherra, að Davíð Oddsson forsætisráðherra fer jafnframt því embætti með ráðherrastörf þau sem Þorsteini Pálssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með dóms- og kirkjumálaráðneytið og sjávarútvegsráðuneytið og að Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra fer jafnframt því embætti með ráðherrastörf þau sem Guðmundi Bjarnasyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 11. maí 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.